

A 1866/presidiet

Flytjandi Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla Forsætisnefndin

Þingmannatillaga um norrænt samstarf á sviði viðbúnaðar**Tillaga**

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún panti „Stoltenberg II“-skýrslu með áherslu á bæði hervarnir og almannavarnir

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð ákveði

að óska eftir árlegri skýrslu frá ráðherrum á sviði þjóðaröryggismála og almannavarna

Bakgrunnur

Síðan svonefnd Stoltenberg-skýrsla um norrænt samstarf í utanríkis- og öryggismálum var birt árið 2009 hefur ástand öryggismála við bæði Eystrasaltið og norðurskautssvæðið versnað. Á sama tíma hefur hernaðarleg þýðing þessara svæða aukist. Stöðu Norðurlanda sem lágspennussvæðis er ógnað af aukinni samkeppni stórveldanna.

Almennt er talið að tillögurnar í Stoltenberg-skýrslunni hafi að mestu verið uppfylltar. Þó eru fáeinar tillögur, eins og til dæmis varðandi norræna hamfarabjörgunar- og viðbragðssveit, sem ekki hafa verið uppfylltar á viðunandi hátt. Síðan Stoltenberg-skýrslan kom út hafa utanríkisráðherrarnir einnig mótttekið svipaða skýrslu, skýrslu Björns Bjarnasonar, sumarið 2020. Skýrsla þessi veitir tillögur um norrænt samstarf í utanríkis- og öryggismálum við nýjar alþjóðlegar aðstæður með fjölþættum ógnum, ásamt ógnum sem varða loftslagsbreytingar og upplausn ríkjandi stjórnskipulags í heiminum. Í skýrslu Björns Bjarnasonar er að takmörkuðu leyti fjallað um viðbúnaðarmál frá sjónarhóli farsóttta.

Flokkahópur miðjumanna telur að ofangreindar breytingar á stöðu öryggismála skapi þörf á eftirfylgni Stoltenberg-skýrslunnar, þar sem megináhersla er lögð á hervarnir og almannavarnir.

Viðbúnaður er hugtak sem nær til jafnt almannavarna sem hervarna, á sama hátt og „heilðarvarnir“, „almennt öryggi“ og „samfélagsöryggi“. Kjarni málsins er viðhald



lífsnauðsynlegra þátta þjóðfélagsins þegar vá steðjar að. Sumir taka svo djúpt í árinna að tala um þanþol, sem getu samfélagsins til að sporna við ógnum og bjarga sér úr neyðarástandi.

Það neyðarástand sem líklegast er að steðji að Norðurlöndum í nánustu framtíð er ekki bara af hernaðarlegum toga. Það var ástæðan fyrir því að Norðurlandaráð í árslok 2019 birti norræna stefnu um samfélagsöryggi. Síðan þá höfum við upplifað „kórónuveirukreppuna“, þar sem samstarf Norðurlanda á sviði viðbúnaðar, þrátt fyrir fjölda norrænna samninga þar að lútandi, brást algjörlega.

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð, samhliða árlegum skýrslum frá ráðherranefnd um utanríkis- og varnarmál, fái einnig sambærilega skýrslu frá ráðherrum á sviði samfélagsöryggis og almannavarna. Í október 2020 hélt forsætisnefnd Norðurlandaráðs fjarfund með þessum ráðherrum. Fundurinn varpaði ljósi á að gildi norræns samstarfs á sviði viðbúnaðar er vanmetið af ríkisstjórnunum. Ennfremur telja ráðherrarnir að núverandi tilhögun norræns samstarfs sé fullnægjandi. Hér eru þeir á allt annarri skoðun en Norðurlandaráð.

Flokkahópur miðjumanna er hlynntur stofnun norrænnar ráðherranefndar um öryggismál. Við erum fylgjandi því að öryggismál verði opinberlega tekin á dagskrá á Norðurlöndunum til að efla norrænan undirbúning öryggisstefnu og að þau verði falin skýrum þinglegum gagnaðila, Norðurlandaráði.

Norræna varnarsamstarfið Nordefco komst á flug eftir neyðarástandið á Krímsskaga. Við í flokkahópi miðjumanna vonumst eftir að kórónuveirukreppan geti haft sömu áhrif á norrænt samstarf á sviði viðbúnaðar.

Fjarfundur 25. janúar 2021

Anders Eriksson (ÅF)
Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)
Arman Teimouri (L)
Bertel Haarder (V)
Edmund Joensen (sb)
Erling Bonnesen (V)
Heidi Greni (Sp)
Inga Sæland (Flf)
Janine Alm Ericsson (MP)
Jaspur Langgaard (sb)
Joakim Strand (sv)

Jouni Ovaska (cent)
Ketil Kjenseth (V)
Kjell-Arne Ottosson (KD)
Linda Modig (C)
Magnus Ek (C)
Mikko Kinnunen (cent)
Mikko Kärnä (cent)
Ole André Myhrvold (Sp)
Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)
Simon Holmström (HI)
Torhild Bransdal (KrF)